



# Know Your Rights Fréttabréf verkefnis

Mars 2020 | Númer 1

## Auka þekkingu erlendra launþega á réttindum sínum á vinnumarkaði

Markmið verkefnisins “Know Your Rights” (KYR) er að þjálfa og upplýsa erlendra launþega um réttindi sín á vinnumarkaði bæði á Íslandi og samkvæmt vinnulöggjöf Evrópusambandsins. Í KYR verkefninu verður leitast við að þróa aðferðir og efni sem nær til erlendra launþega með upplýsingum á Internetinu og á samfélagsmiðlum þar sem þjálfaðir jafningjar af ólíkum uppruna munu miðla upplýsingum um réttindi launþega á 3 til 5 tungumálum í hverju landi. Yfirmarkmið verkefnisins er að byggja upp ferli og aðferðir sem má styðjast við til að ná til enn fleiri hópa innflytjenda á vinnumarkaði í framtíðinni.



Rannsóknir sýna að erlendir launþegar eru sá hópur sem oftast lendir í því að brotið sé á réttindum þeirra á vinnumarkaði. Ein ástæðan er að erlendir launþegar búa ekki yfir þekkingu á réttindum sínum, stuðnings- og lagaumhverfi, hafa ekki vitneskju um lágmarkslaun, ráðningasamninga og fleira.

Samstarfsaðilarnir í verkefninu, **Einurð** og **Jafnréttishús** frá Íslandi, **Center for Social Innovation** frá Kýpur, **Social Innovation Fund** frá Litháen, **Verein Multikulturell** frá Austurríki, **Acción Laboral** og **Asociación Caminos** frá Spáni, héldu sinn fyrsta fund 8. nóvember 2019 í Reykjavík þar sem rætt var um fyrstu áfangana í framkvæmd verkefnisins í hverju landi fyrir sig.

Síðan þá hafa samstarfsaðilar unnið að vefsíðu verkefnisins og gloppugreiningu í þátttöklöndunum, þar sem dregnar eru saman upplýsingar um þjónustu, laga- og stuðningumhverfi við launþega af erlendum uppruna, hvað vantar upp á til að þjónusta við þennan hóp skili árangri og hvaða skref væri gott að stíga til að bæta þjónustu og upplýsingagjöf. Unnið verður með niðurstöður gloppugreiningarinnar til að þróa afurðir verkefnisins fyrir þá tungumálhópa sem verða fyrir valinu í hverju þátttökulandi fyrir sig. CSI í Kýpur stýrir vinnu við gloppugreininguna og vinnur samannburðarskýrslu um stöðu mála í þátttöklöndunum sem birt verður í næsta mánuði, skýrslan byggir á landskýrslum samstarfsaðila.



With the support of the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union

This project has been funded with support from the European Commission. This publication reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein. Project number: 2019-1-IS01-KA204-051136.